

Samningur um Evrópska
efnahagssvæðið

Sameiginlega EES-nefndin

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

nr. 55/98
frá 4. júlí 1998

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hlöðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með
bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir
samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar
nr. 44/98 frá 29. maí 1998⁽¹⁾.

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 97/39/EB frá 24. júní 1997 um aðlögun að
tækniframförum á tilskipun ráðsins 75/443/EBE frá 26. júní 1975 varðandi bakkskiptingu og
hraðamæli vélknúinna ökutækja ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 18. lið (tilskipun ráðsins 75/443/EBE) í I. kafla II. viðauka
við samninginn:

„- **397 L 0039:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 97/39/EB frá 24. júní 1997 (Stjtið.
EB L 177, 5.7.1997, bls. 15).”.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 30, 4.2.1999, bls. 43 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 6, 4.2.1999, bls. 89.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 177, 5.7.1997, bls. 15.

2. gr.

Fullgiltur texti tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 97/39/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. ágúst 1998, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 4. júlí 1998.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

F. Barbaso

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik

E. Gerner